



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Stýrihópur um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir

Efni: Stöðuskýrsla stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir

Forsaga:

Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt á fundi velferðarráðs 5. júní 2019, og á fundi borgarráðs þann 11. október sama ár, og gildir til loka árs 2025. Meginmarkmið stefnunnar eru alls átta og ná yfir 34 aðgerðir. Settir mælikvarðar eru alls 25.

Velferðarráð samþykkti á fundi sínum þann 8. desember 2021 tillögu um skipun stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Greinargerð um stöðu verkefna á grundvelli erindisbréfs

Stýrihópur verkefnisins hefur unnið á grundvelli meðfylgjandi erindisbréfs undir forystu Heiðu Bjargar Hilmisdóttur, formanns velferðarráðs.

Hópurinn hefur fundað alls 12 sinnum og m.a. átt fjárfund með Signe Haugen leiðtoga Hjálpræðishersins í Noregi en þar er rík hefð fyrir því að frjáls félagasamtök reki húsnæðisúrræði fyrir heimilislausra.

Í nóvember 2022 fóru fjórir starfsmenn velferðarsviðs ásamt formanni velferðarráðs í fræðsluferð til Óslóar og Kaupmannahafnar til að kynna sér uppbyggingu og áherslur í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir, sér í lagi fyrirkomulag neyðarskýla og neyðarhúsnæðis.

Þann 1. febrúar 2023 leggur stýrihópurinn fram fimm tillögur á grundvelli vinnu hópsins sem falið var eftirfarandi verkefni:

Greina húsnæðisparfir heimilislausra á grundvelli úttektar um heimilisleysi í Reykjavík í október 2021.

Í dag bíða 73 einstaklingar með miklar og flóknar þjónustuparfir eftir húsnæði, 51 karl og 22 konur. Af þessum 73 umsóknum eru níu umsóknir um milliflutning.

Fagfólk hefur bent á að það sé erfitt að meta þjónustuparfir þeirra einstaklinga sem hafa ekki fastan samastað. Slíkt mat þurfi að fara fram í aðstæðum þar sem fagfólk vinnur með einstaklingum í ákveðinn tíma og svigrúm gefst til að meta þjónustupörf einstaklinga á heildrænan hátt og í kjölfarið setja fram áætlun um varanlegt/varanlegra búsetuform með



viðeigandi eftirfylgd. Skortur á þessu kunnir að valda því að einstaklingum hefur verið boðið úrræði, sbr. smáhús eða húsnæði fyrst án þess að þau hafi haft nægar forsendur til að nýta úrræðið.

Stýrihópurinn leggur því til að unnið verði að útfærslu og kostnaðarmati að þrepaskiptum stuðningi fyrir heimilisláusa með miklar og flóknar þjónustuparfir sem nánar er gerð grein fyrir í tillögu sem lögð er fyrir velferðarráð þann 1. febrúar 2023.

Slík tillaga byggir m.a. á því fyrirkomulagi sem ríkir bæði í Ósló og Kaupmannahöfn. Þau sveitarfélög reka svokölluð „Night Cafés“ þar sem einstaklingar geta sofði og eru opin yfir blánóttina (frá kl. 22 til kl. 07 að morgni) en hægt er að hafast við í setustofu yfir daginn þar sem boðið er upp á kaffi og meðlæti. Síðan eru rekin svokölluð „Shelters“ eða móttöku- og greiningarúrræði þar sem einstaklingar geta dvalið í einstaklingsherbergjum frá 3 mánuðum til tveggja ára. Markmiðið með dvöl er að kortleggja og greina þjónustupörf þannig að einstaklingur geti á endanum flutt í önnur og varanleg húsnæðisúrræði eða fengið viðeigandi þjónustutilboð. Athygli vekur að neyðar- og greiningarúrræðin eru skipuð ýmiss konar fagfólki að meginuppistöðu og neyslurýmum eru starfrækt í nágrenni eða í sama húsnæði. Kaupmannahöfn rekur sérstakt úrræði fyrir ungt fólk sem er í vímuefnaneyslu þar sem það getur dvalið í allt að tvö ár.

Þrátt fyrir að á undanförunum árum hafi ýmislegt áunnist í málaflokknum þá er það mat stýrihópsins að brýnt sé að horfa til framtíðar og byggja upp heildstæða áætlun þar sem þörfum einstaklinga er mætt með þrepaskiptum úrræðum þar sem eitt úrræði tekur við af öðru eftir því sem hentar þörfum viðkomandi einstaklinga.

Í tengslum við þetta verkefni er nú lokið við gerð þarfagreiningar fyrir neyðarskýli/neýðarhúsnæði fyrir konur sem kynnt verður á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023.

Greina þörf á hjúkrunarrýmum og annarri heilbrigðisþjónustu og leggja fram tillögur.

Viðræður við heilbrigðisráðuneytið standa yfir í dag á grundvelli fyrri aðgerða stefnunnar. Metið er að 11 manns þurfi í dag á sérstöku hjúkrunarrými að halda. Í viðræðunum er mjög mikilvægt að ríkið og Reykjavíkurborg fari í markvissa leit að húsnæði sem hentað getur undir rekstur hjúkrunarheimilis og leitað sé liðsinnis Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Í kjölfarið er mikilvægt að mótuð sé tillaga um mögulega framkvæmd og kostnað og hún lögð fyrir velferðarráð.

Viðræðurnar við ráðuneytið hafa einnig falið í sér mögulegt áframhald á rekstri neyslurýmis (Ylju) en samningur velferðarsviðs við Rauða krossinn um rekstur neyslurýmis rennur út í mars 2023.

Leggja mat á þörf hópsins fyrir virkni og gera tillögur að virkniúrræðum.

Það er mat hópsins að ekki sé raunhæft að vinna að tillögum um virkniúrræði fyrir þann hóp sem skilgreinist sem heimilisláusir með miklar og flóknar þjónustuparfir eins og staðan í málaflokknum er í dag. Forgangsmál er að tryggja viðkomandi öruggt húsnæði en virkni verði síðan hluti af einstaklingsbundinni áætlun þegar öruggt húsnæði er tryggt.



Velferðarráð samþykkti á fundi sínum 10. ágúst 2022 skipan stýrihóps um mótun virknistefnu til ársins 2024 þar sem fram kemur að hlutverk hópsins sé að horfa til þess hóps sem mætir hindrunum í atvinnuleit og virkni. Rétt þykir að horft verði til niðurstöðu stýrihópsins áður en að lagðar verði fram sérstakar aðgerðir af hálfu þessa stýrihóps.

Gera tillögur að leiðum til að styðja og efla starfsfólk sem starfar í krefjandi starfsumhverfi.

Vesturmiðstöð sem ber ábyrgð á framkvæmd þjónustu við heimilislauða með miklar og flóknar þjónustuparfir hefur í samstarfi við mannauðssvið velferðarsviðs unnið mjög að því að efla fræðslu í málaflokknum sem nú fer fram með reglubundnum hætti.

Það er mat starfshópsins að þær leiðir sem þarf að fara til að efla og styðja starfsfólk felist helst í aukinni mönnun með auknum fjölda fagmenntaðra starfsmanna. Einnig að starfsaðstaða í úrræðum verði betrubætt.

Gert er ráð fyrir að ef tillaga starfshópsins um þrepaskipta þjónustu verði samþykkt þá fari fram frekara mat á þessu verkefni í tengslum við þá vinnu.

Greina kostnað við veitta þjónustu, s.s. kostnað fyrir hvern þjónustupátt og kostnað við hvern notanda eftir tegund þjónustu, til að tryggja megi bestu og hagkvæmstu nýtingu fjármagns.

Skrifstofa fjármála og rekstrar velferðarsviðs hefur unnið kostnaðargreiningu á málaflokknum. Í töflu 1 má sjá meðaltalskostnað vegna þjónustu við einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir í janúar – nóvember 2022.

Tafla 1: Meðaltalskostnaður eftir þjónustupáttum

Starfsstaður	Fjöldi	Raunkostnaður jan.- nóv. 22	Meðalkostnaður fyrir einst./rými jan.-nóv. 22
Njálsgata	8	139.360	17.420
Hringbraut	5	207.853	41.571
Gistiskýlið Lindargötu	25	239.091	9.564
Neyðarskýlið Grandagarði	15	191.573	12.772
Konukot	12	104.637	8.720
Vettvangs og ráðgjafateymi	106	164.500	1.552
Frú Ragnheiður (styrkur)	592	500	1
Skjólið (styrkur)	54	2.000	37
Hjálpræðisherinn (styrkur)	676	15.000	22
Kaffistofa Samhjalpar (styrkur)	110	10.000	91
		1.074.514	



Raunkostnaður á tímabilinu janúar – nóvember 2022 er rúmlega 1 ma.kr. Þá eru ekki meðtalin úrræði sem falla undir málaflokk fatlaðs fólks, t.d. heimili fyrir konur með geð- og vímuefnavanda (tvígreiningu) og úrræði sem eru fyrir einstaklinga sem eru í bata og hafa farið í áfengis- og vímuefnaæðferð, s.s. áfangaheimili fyrir konur og karla. Áður hafa þau heimili verið meðtalin undir málaflokk heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir en falla ekki með réttu undir þá skilgreiningu. Heildarkostnaður vegna þessara heimila frá árinu 2018 til nóvember 2022 jókst úr 167 m.kr. í 514 m.kr. á tímabilinu.

Skoða með hvaða hætti skaðaminnkandi þjónusta er mönnuð í nágrannalöndum t.d. Finnlandi og Danmörku og þær hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsfólks.

Á grundvelli samtals við Signe Haugen leiðtoga Hjálpræðishersins í Noregi og upplýsinga sem aflað var í fyrrnefndri fræðslu- og kynnisferð starfsfólks velferðarsviðs til Óslóar og Kaupmannahafnar er grundvallarmunur á mönnun sá að við málaflokkinn starfar að stórum hluta fagfólk t.d. félagsráðgjafar, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar og iðjuþjálfar. Litið er svo á að með fagmenntuðu fólki sé hægt að draga úr mönnunarþörf. Það fer eftir þjónustupáttum hvernig mönnun er háttáð en að jafnaði eru alltaf þrír starfsmenn á vakt að lágmarki og svo fer það eftir þjónustupáttum og fjölda í úrræði hversu mikil mönnunin er. Í „Night Cafés“ eru að jafnaði alltaf þrír á vakt. Í úrræði fyrir ungt fólk í Kaupmannahöfn þar sem rými er fyrir 20 einstaklinga í tveimur aðskildum einingum starfa 14 stg. fagmenntaðra einstaklinga. Í teymi sem fylgir einstaklingum eftir í húsnæði fyrst í Kaupmannahöfn er hver málstjóri að jafnaði með 10-15 íbúa. Samkvæmt upplýsingum frá Hjálpræðishernum í Noregi þjónustar einn starfsmaður 6 íbúa sem búa í sjálfstæðri búsetu en þjónustan er frá kl. 8-20. Signe lagði á það áherslu að brýnt sé að starfsmannaáætlaða þeirra sem sinna íbúum í sjálfstæðri búsetu sé nálægt búsetueiningunum. Slíkt tryggir betri stuðning og utanumhald við starfsfólk sem sinnir þjónustunni.

Leggja fram áfangaskipta og kostnaðarmetna aðgerðaáætlun.

Verður lagt fram í lok vinnunnar.

Kanna leiðir til aukinnar samvinnu ríkis og sveitarfélaga í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Stýrihópurinn leggur til að sviðsstjóra velferðarsviðs verði falið, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, að eiga formlegar viðræður við félags- og vinnumarkaðsráðherra um aðkomu ríkisins að málaflokknunum. Einnig að sviðsstjóra verði falið að eiga formlegar viðræður við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um hvernig sveitarfélög geti í sameiningu staðið að úrlausnum í málaflokknunum. Umræddar tillögur verða lagðar fram á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023.

Fylgiskjal:

Erindisbréf starfshóps dags. 13. janúar 2022.